



866. fundur stjórnar GSÍ, 25. september 2015, kl.12:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar Gunnarsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá tók Rósa Jónsdóttir þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði jafnframt fundargerð.

1. Starfslok framkvæmdastjóra

Hörður Þorsteinsson gerði grein fyrir þeirri ósk sinni að láta af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins. Samþykkt var að óska eftir því við Hörð að hann starfi fram að áramótum og var forseta falið að ganga að öðru leyti frá starfslokum við framkvæmdastjóra.

Þá var samþykkt að senda eftirfarandi tilkynningu um starfslok framkvæmdastjórans til klubbanna um leið og stjórn sambandsins þakkaði Herði fyrir samstarfið á liðnum árum.

Framkvæmdastjóri Gólfsambands Íslands lætur af störfum

Hörður Þorsteinsson hefur tilkynnt stjórn Gólfsambands Íslands að hann óski eftir því að láta af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins. Hörður mun láta af störfum um áramótin.

Hörður hefur starfað sem framkvæmdastjóri Gólfsambands Íslands frá 1999 og hefur á þeim tíma stýrt sambandinu á mesta vaxta- og framfararskeiði gólfhreyfingarinnar. Á þessum tíma hefur fjöldi íslenskra kylfinga tvöfaldast og í dag er gólfsambandið næst fjölmennasta sérsambandið innan íþróttahreyfingarinnar. Hörður hefur átt stóran þátt í þessari miklu velgengni og vill Gólfsamband Íslands þakka Herði innilega fyrir einstaklega vel unnin störf og einstakt framlag í þágu gólfhreyfingarinnar undanfarin sextán ár.

2. Uppskeruhátíð og verðlaunaafhending

Framkvæmdastjóri kynnti að uppskeruhátíð og verðlaunaafhending á mótaráðum GSÍ fari fram 28. október n.k. í húsakynnum ÍSÍ. Dagskráin verður send út til kynningar til klubbanna og kynnt á heimasíðu GSÍ, golf.is.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:45.